

# FUNDARGERÐ

## 130. stjórnarfundur KRAFT

130. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 21. ágúst 2021 kl. 16.00

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Auðunn, Rúnar, Þórunn Brynja, Laufey og Lára  
Fjarverandi : Aron Ingi  
Fundarritari : Gry

### 1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

### 2. NÝ SKRIFSTOFA KRAFT

KRAFT hefur fengið nýja skrifstofu og mun deila henni með LSÍ. Gry og Lára hittir Maríönnu frá LSÍ í vikunni og skipuleggja samstarfið.

### 3. ÍF

Þórunn sagði frá fundi með ÍF. Gangkvæmur vilji til samstarfs er mikill. Starfið heldur áfram við að gera tillögur um framkvæmd. Gry sendir á Þórunni tillögu að samstarfssamningi.

### 4. ÍM Í BEKKPRESSU

ÍM í bekkpressu. Stjórnin leggur áherslu á að tvö mót verði haldin þannig að sami keppandi geti keppt bæði með og án búnaðar ef hann óskar. Gry hefur samband við mótshaldara. Auðunn athugar með streymi frá mótinu.

### 5. DÓMARANEFND

Laufey sagði frá störfum dómaranefndar, en nefndin mun hittast í vikunni. Stefnt er að á að halda dómaraþróf í samstarfi við LFK 25.september nk. Laufey er með málið – en nauðsynlegt er að koma auglýsingu í loftið sem fyrst.

### 6. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Marius Arnesen, kennari á fyrirhuguðu þjálfaranámskeiði, hefur slasað sig og kemst ekki á þeim tíma sem auglýst var. Ákveðið að fresta námskeiðinu og bíða eftir honum frekar en að leita að öðrum kennara.

**7. LANDSLIÐ**

Auðunn sagði frá undirbúningi landsliðsins fyrir HM í klassískum kraftlyftingum.

**8. ÖNNUR MÁL**

-

**9. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

**10. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl.-